

VERKLAGSREGLUR

til samræmingar og skýringa á reglum Fjaraskiptastofu nr. 590/2015
um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta

Fjaraskiptastofu hefur verið gert kunnugt að undanfarin misseri hafi íslensk fjarskiptafyrirtæki í auknum mæli þurft að grípa inn í og loka á hringingar frá útlöndum þar sem númerabirtingin hafi sýnt íslenskt fastlínunúmer. Ástæðan hafi verið kvartanir/ábendingar frá viðskiptavinum og upplýsingar frá fjarskiptafyrirtækjunum óeðlilegt hringimynstur frá útöndum.

Eftir samráð við fjarskiptafyrirtækin hefur Fjaraskiptastofa ákveðið að gefa út eftirfarandi verklagsreglur. Tilgangur þeirra er að áréttta þær reglur sem þegar gilda um íslensk númer og samræma verklag milli fjarskiptafyrirtækjanna.

1.

Inn- og úthringingar og SMS/MMS sendingar fari í gegnum sama þjónustuaðila

Fjaraskiptastofa áréttar það sem fram kemur í 6. gr. reglna nr. 590/2015 um að úthlutuð númer fyrir tal- og farsímaþjónustu megi eingöngu nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi og af fjarskiptafyrirtæki sem hafi til umráða símstöð sem rekin er hér á landi.

Þá vísar Fjaraskiptastofa til 11. gr. sömu reglna um að framsal númera er óheimilt, utan þess er einstaka áskrifendur flytja þjónustu símanúmera milli fjarskiptafyrirtækja hér á landi.

Með vísan til þessa og eðli málsins samkvæmt skulu bæði inn- og úthringingar fastanets símanúmera og SMS/MMS sendingar úr íslenskum númerum fara í gegnum símstöð þess fjarskiptafyrirtækis hér á landi sem hefur viðkomandi númer í þjónustu fyrir rétt hafa.

2.

Hvenær númerabirting fastanúmera skal óvirk

Eins og fram kemur í lið 1 þá er það ekki í samræmi við gildandi reglur að fastanetsnúmer geti komið erlendis frá til Íslands og í íslenskt símanúmer.

Af því leiðir að fastanetsnúmer sem byrja á 4xx xxxx og 5xx xxxx geta ekki birst sem réttar upplýsingar um innhringinúmer í númerabirtingu komi þau erlendis frá og í íslenskt símanúmer.

Fjarskiptafyrirtæki sem taka á móti símtali erlendis frá og í íslenskt símanúmer þar sem innhringinúmer er birt sem fastanetsnúmer úr framangreindum númeraröðum skulu gera númerabirtinguna óvirka í síðasta lagi frá 1. maí 2022.

3.

Númerabirting þegar um reiki og hringiflutning í talhólf er að ræða

Fjarskiptafyrirtæki skulu ekki gera númerabirtingu óvirka í þeim tilfellum sem þau taka á móti símtölum erlendis frá úr íslensku símanúmeri í erlent símanúmer hér á landi (er í reiki).

Númerabirting skal vera til staðar í þeim tilfellum sem hringinflutningur á sé stað í talhólf, enda sé uppruni símtalsins á Íslandi

4.

Stöðvun óeðlilegrar notkunar símanúmera og merkjasendinga

Ef fjarskiptafyrirtæki greina ólögmeata eða kerfislega truflandi notkun símanúmera og eða merkjasendinga í kerfum sínum hvort sem uppruni notkunarinnar er erlendis eða innanlands geta þau stöðvað þá notkun hvort sem umferðinni sé ætlað að fara áfram til annarra fjarskiptafyrirtækja eða ekki.

Fjarskiptafyrirtæki skulu gæta þess að þær ráðstafanir sem gripið er til séu hæfilegar og gangi ekki lengra en nauðsyn ber til, bæði hvað varðar umfang og tímalengd, sbr. 24. og 54. gr. fjarskiptalaga.

Fjarskiptastofa / Innviðasvið

Reykjavík, 18. mars 2022